

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2011

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með tölvupósti allsherjarnefndar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd) 140. löggjafarþing 2011–2012, 8. mál.

Frumvarp þetta virðist byggja á þeirri ályktun að flutningsmanna að of fá mál hljóti heimild til endurupptöku. Verður ekki séð að færð séu veigamikil rök fyrir því að þeim sem um endurupptöku fjalla nú sé ekki treystandi til þess áfram. Réttarvörslukerfið allt er störfum hlaðið hvort sem þar er um að ræða dómskerfið eða ákærvaldið. Verður því að gjalda varhug við að opna um of á endurupptöku mála séu ekki fyrir því gild og veigamikil rök. Þá mun sú leið sem lögð er til í frumvarpinu hafa í fól með sér aukinn kostnað og er ástæða til að ætla að þeim fjármunum, séu þeir á annað borð til, sé betur varið til að styrkja dóms- og ákærvald. Frekari fjölgun kær- og úrskurðarnefnda í stjórnslunni er ekki til þess fallin að gera kerfið einfaldara eða hagkvæmara, en rétt er að stefna frekar að því en hinu gagnstæða.

Ákærendafélagið telur réttara að mál þetta fái frekari umfjöllun fagaðila áður en gerð verði tillaga um breytingar á lögum eins og gert er í frumvarpinu. Eftir atvikum kann að vera rétt að setja saman starfshóp til að fara yfir málið og gera tillögur eða leita fela réttarfarsnefnd að fjalla um málið.

F.h. Ákærendafélags Íslands,



Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Alþingi
Erindi nr. P 140/338
komudagur 18.11.2011

Hafnarfirði, 18. nóv. 2011.


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.


Varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd). 8. mál.

Í frumvarpinu er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir því að hægt sé að óska eftir endurupptöku á málum sem dæmd hafa verið í Héraðsdómi og komast EKKI inn í Hæstarétt. Sjá 1. gr. frumvarpsins.

Um getur verið að ræða mál sem vanbúin eru af hálfu lögmanns, td. ef ekki er uppi kröfufjárhæð í málinu (lágmarkskröfufjárhæð svonefnd) en þá er málinu vísað sjálfvirkt frá Hæstarétti.

Reynslan hefur sýnt að þarna er brýn þörf á að gera bragarbót og því vil ég beina því til nefndarinnar að gæta að þessu og bæta úr en þarna eru þegnar þessa lands berskjaldaðir.

Virðingarf.
Kristleifur Indriðason




Alþingi
Erindi nr. P 140/337
komudagur 18.11.2011

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptöku nefnd). 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 8 – 8. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint lagafrumvarp til breytinga á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála. Markmið frumvarpsins er að innleiða nýtt fyrirkomulag við mat á beiðnum um endurupptöku mála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti.

Mannréttindaskrifstofa fagnar frumvarpinu og telur að með því verði tryggt hlutleysi við ákvörðun um endurupptöku mála. Mannréttindaskrifstofa gerir engar sérstakar athugasemdir við frumvarpið en vill áréttta eftirfarandi;

Í 1. mgr. 70 .gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er öllum tryggður réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Með því að setja á fót sérstaka ákvörðunar nefnd um endurupptöku mála sem fallið hafa í hæstarétti verður tryggt að ekki taki sömu aðilar ákvörðun um endurupptöku máls og komust að niðurstöðu fyrir dómstólum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur



Alþingi
Erindi nr. P 140/82
komudagur 9.11.2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 9. nóvember 2011

Tilvísun: 2011110033

50.03

Tilvísun yðar: Þskj. 8- 8. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd), 8. mál

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 3. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála, 8. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra er ekki tekin afstaða til frumvarpsins.

F.h. RLS

Guðmundur Guðjónsson

Hildur Georgsdóttir

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Tilv.: 201111-0912

Reykjavík, 17. nóvember 2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/244
komudagur 17.11.2011

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar tillögu frumvarp til laga um meðferð sakamála og meðferð einkamála (endurupptökunefnd), 8. mál.

Ríkissaksóknari telur efni til að afla frekari upplýsinga og gagna um fyrirkomulag endurupptöku dæmdra mála á Norðurlöndunum áður en lengra er haldið. Þá verði um málið fjallað af sérfræðingar innanlands, s.s. réttarfarsnefnd, m.a. með hliðsjón af tilhögun mála á Norðurlöndunum.

Sigríður J. Friðjónsdóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK